

## REGLUGERÐ

### fyrir Drangnesvatnsveitu.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem hún nær yfir og getur fullnægt, svo og til Drangneshafnar.

#### 2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar, er þurfa þykir.

#### 3. gr.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í eigu Kaldrananeshrepps með sérstöku reikningshaldi. Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið.

Oddviti annast reikningshald, innheimtu og greiðslur vatnsveitunnar, en þó er heimilt að fela öðrum einhvern þessara starfsþátta, ef henta þykir.

Reikningar vatnsveitunnar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins og fylgja reikningum sveitarsjóðs ár hvert.

#### 4. gr.

Hver sá sem óskar eftir að kaupa vatn af Drangnesvatnsveitu, skal senda um það skriflega umsókn til hreppsnefndar, enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsafnot til annarra þarfa skulu háð leyfi með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

#### 5. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæð um kauptúnið í samræmi við skipulag þess, eftir því, sem fært þykir og þörf krefur, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim.

#### 6. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað af lagningu vatnsæðar frá aðalæð í hús sitt og annast viðhald hennar.

#### 7. gr.

Skylt er hverjum húseiganda og öðrum, er vatnsæð hefur, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær ef leki eða aðrar bilanir koma að þeim.

Framkvæmi eigandi ekki nauðsynlegar viðgerðir án tafar, er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn til viðkomandi aðila og framkvæma viðgerð á kostnað eigandans. Enn fremur er vatnsveitunni heimilt að loka fyrir vatn hjá þeim, sem eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slík lokun fari fram.

#### 8. gr.

Hverjum manni skal skylt að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir skv. mati, ef samkomulag ekki næst.

**9. gr.**

Enginn má taka vatn úr vatnsæð án heimildar, ella skal sá, er það gerir, sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við skv. hegningalögum, einnig skal sá skyldur til að greiða fyrir vatnið skv. mati vatnsveitunnar.

**10. gr.**

Hver sá, er saurgar eða skemmir vatnsæð, brunn eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir skv. mati, ella sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við.

**11. gr.**

Umsjónarmanni skal heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæð er, til at-  
hugunar. Ef útbúnaði er ábótavant að dómi umsjónarmanns og vatnsveitustjórnar, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella sé vatnsveitunni heimilt að láta gera við gallann á hans kostnað.

**12. gr.**

Stofngjald skal vera kr. 7 000.00 fyrir hverja íbúð og skal greitt um leið og íbúð er tengd við aðalæð.

Árlegur vatnsskattur skal vera 0.50% af heildarmati hverrar fasteignar, þ.e. mannvirkja og lóðar, skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963 fyrir íbúðarhús.

Lágmarksupphæð fyrir hverja skattskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1 200.00.

**13. gr.**

Aukavatnsskatt skv. 12. gr. skal greiða fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, útgerðar-  
stöðvar, frystihús, bifreiðapvottaplön og aðra áþekka starfsemi.

**14. gr.**

Aukavatnsskatt skal innheimta skv. mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Sé vatn ekki selt eftir mæli, skal greiða af fasteignamati húss og lóðar árlegan vatnsskatt 1.5%.

**15. gr.**

Vatnsveitan ákveður verðskilmála og tilhögun á vatnssölu til skipa í samráði við hafnarnefnd.

**16. gr.**

Fyrir önnur vatnsafnot en þau, sem talin eru hér að framan, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

**17. gr.**

Framantalin gjöld miðast við byggingarvísitölu 1455 stig, en heimilt er hrepps-  
nefnd að hækka þau eða lækka í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu um allt að 50%, öll eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

**18. gr.**

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskattsins er 15. janúar ár hvert og greiðist í einu lagi fyrir líðandi ár.

Vatnsskattur skv. 14. gr. fellur í gjalddaga mánaðarlega við aflestur mælis.

Vatnsskattinn má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eignum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfarar-  
veði.

**19. gr.**

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskattsins vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna atvinnureksturs síns. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips.

**20. gr.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 50 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1976 er 15. júní.

Gjaldskrá þessi, er samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. júní 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

**S A M Þ Y K K T**

fyrir Vatnsveitufélag Árneshverfis í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu.

**1. gr.**

Félagið heitir Vatnsveitufélag Árneshverfis, heimili þess og varnarþing er í Gnúpverjahreppi í Árnessýslu.

**2. gr.**

Markmið félagsins er að sjá húsum á félagssvæðinu fyrir köldu vatni.

**3. gr.**

Stofnendur félagsins eru forráðamenn eftirtalinnna húsa: Félagshheimilið Árnes, skólastjórabústaðurinn Heiði og Kennarabústaðurinn Tröð.

**4. gr.**

Stofnkostnaður af upphaflegri vatnsleiðslu greiðist að jöfnu af félagshheimilinu Árnesi og Gnúpverjahreppi, svo og þeim styrk, sem veittur kynni að verða til vatnsveitunnar.

**5. gr.**

Fleiri notendur má taka í félagið með samþykki löglegs stjórnarfundar.

**6. gr.**

Aðalfund félagsins skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert, og telst hann lög-mætur, ef 2/3 hluti félagsmanna sækir hann.

Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir